

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Vatnsendablettur 4 og 4A. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 9. janúar 2024 breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendi - Þing fyrir lóðirnar nr. 4 og 4A við Vatnsendablett (áður nr. 2 og 2A við Elliðahvammssveg). Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkum Vatnsendabletts 4A, stærð lóðar verður óbreytt 1.500 m<sup>2</sup>. Byggingarreitur færir til um 4 metra til norðurs. Þá stækkar byggingarreitur á lóðinni um 6 metra til norðurs og 4 metra til vesturs. Heimilt byggingarmagn á lóðinni helst óbreytt 275 m<sup>2</sup>. Innkeyrsla á lóðina færir til austurs nær Elliðahvammssvegi. Fyrirkomulag bílastæða og innkeyrslu á Vatnsendabletti 4 breytist, fjöldi bílastæða er óbreyttur. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 3. apríl 2024.*

**Auður Dagný Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 17. apríl 2024